



Menningar- og viðskiptaráðuneyti
Skúlagötu 4,
101 Reykjavík
mvf@mvf.is

Reykjavík, 23. ágúst 2022

Efni: Umsögn SI og SAMARK um drög að stefnu í málefnum hönnunar og arkitektúrs, mál nr. 132/2022

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) og Samtök arkitektastofa (hér eftir „SAMARK“), sem eru aðildarsamtök innan SI, (saman nefnd „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að stefnu í málefnum hönnunar og arkitektúrs, mál nr. 132/2022, þar sem sett eru fram framtíðarsýn og markmið sem ætlað er að auka lífsgæði, skapa verðmæti og auka sjálfbærni með markvissri áherslu á málefni hönnunar og arkitektúrs á Íslandi. Samtökin fagna því að ný stefna í málefnum hönnunar og arkitektúrs sé að líta dagsins ljós og telja að með henni sé verið að taka nauðsynleg skref í rétta átt. Samtökin vilja koma á framfæri nokkrum athugasemdum sem útlistaðar eru hér að neðan sem þau vonast til að verði nýtt við áframhaldandi vinnu stefnunnar og við eftirfylgni hennar.

I. Heildstæð Samfélagsstefna í mannvirkjagerð

Í stefnudrögunum er sérstök áhersla lögð á endurskoðun *Menningarstefnu í mannvirkjagerð* frá árinu 2014 þar sem skilgreina þurfi aðgerðir til þess að virkja áherslur slíkrar stefnu betur í stjórnkerfi og atvinnulífi. Um þetta atriði er fjallað í 4. kafla stefnudraganna og taka samtökin undir umrædda áherslu en benda á sama tíma á nauðsyn þess að slík stefnumörkun sé unnin í stærra og breiðara samhengi en lagt er upp með í stefnudrögunum og núverandi *Menningarstefna í mannvirkjagerð* talar fyrir. Að mati samtakanna er nauðsynlegt að stjórnvöld séu samtaka í stefnumörkun sinni þegar um svo mikilvægt málefni er um að ræða fyrir samfélagið í heild sinni og þ.a.l. nauðsynlegt að breikka sjóndeildarhring og aðkomu stjórnvalda að slíkri endurskoðun.

Að mati samtakanna er mikilvægt að mörkuð verði stefna stjórnvalda í mannvirkjagerð sem snúi m.a. að menningarlegu mikilvægi hennar, nýsköpun í mannvirkjagerð, umhverfismálum mannvirkjagerðar (þ. á m. hringrásarhagkerfi og sjálfbærni í mannvirkjagerð), framtíðarsýn mannvirkjagerðar, gæðum og endingu mannvirkja o.fl.



Ný og heildstæð *Samfélagsstefna í mannvirkjagerð* kallar á breiða aðkomu stjórnvalda við stefnumörkun og telja samtökin nauðsynlegt að menningar- og viðskiptaráðuneytið, innviðaráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytið komi að slíkri stefnugerð stjórnvalda.

Að mati samtakanna hefur aldrei verið mikilvægara fyrir stjórnvöld að setja sér og styðjast við heildstæða *Samfélagsstefnu í mannvirkjagerð* samfélaginu öllu til hagsbóta. Nauðsynlegt er fyrir alla aðila virðiskeðjunnar að búa við fyrirsjáanleika í uppbyggingu mannvirkja og eru stjórnvöld þar að engu undanskilin. Þá kynni heildstæð *Samfélagsstefna í mannvirkjagerð* einnig að styðja við viðleitni stjórnvalda og aðra hagaðila í þeirri vegferð að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skort á mannvirkjum, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, innviðauppbýggingu eða önnur samfélagslega mikilvæg mannvirki auk þess sem slík stefna gæti m.a. tala fyrir tilteknum gæðum mannvirkja, menningarlegu og samfélagslegu mikilvægi bygginga, umhverfissjónarmiðum sem máli skipta og markmiðum þeim tengdum sem stefnt er að hverju sinni við uppbyggingu. Stjórnvöld eru þegar farin að marka sér stefnu og markmið þegar litið er til umhverfisvænni uppbyggingar, t.a.m. með samtaksverkefnum „Byggjum grænni framtíð“ og þátttöku í „Grænni byggð“ í gegnum hinar ýmsu stofnanir. Nauðsynlegt er hins vegar að til staðar sé heildstæð stefna, þ.e. *Samfélagsstefna í mannvirkjagerð*, þar sem mörkuð sé framtíðarsýn stjórnvalda, þvert á ráðuneyti, um mannvirkjagerð í breiðu samhengi.

Samtökin vilja þ.a.l. hvetja framangreind ráðuneyti til að setja saman starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna að heildstæðri stefnumörkun í mannvirkjagerð en nauðsynlegt er að um sé að ræða breiðan hóp aðila úr stjórnkerfinu og atvinnulífinu til að tryggja að unnt sé að taka tillit til sjónarmiða og hagsmuna allra aðila sem að mannvirkjauppbyggingu koma.

II. Bætt stuðningsumhverfi hönnunar og arkitektúr

Íslenskt efnahagslíf byggir á verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi þar sem nýsköpun og hönnun leika sífellt stærra hlutverk. Samtökin fagna áherslum stjórnvalda á að auka vægi þeirra og telja mikilvægt að hlúa að og efla hvata fyrir fyrirtæki til að nýta hönnun til verðmætasköpunar. Hönnun er í eðli sínu fjölbreytt og getur birst með ólíkum hætti innan fyrirtækja og getur stuðningsumhverfi fyrirtækjanna, að sama skapi, markast af því.

Mikilvægt er að aðskilja á milli hönnunarfyrirtækja annars vegar, t.d. fatahönnunar, og hins vegar fyrirtækja þar sem hönnun er hluti af stærri þróunarverkefnum, sem leiða af sér nýja þjónustu eða vörur. Hönnun er oft á tíðum órjúfanlegur hluti af nýsköpunar- og þróunarferli, meðal annars hjá fyrirtækjum í hugverkaiðnaði. Í þeim tilfellum nýtur hönnun beins stuðnings stjórnvalda, m.a. í gegnum skattfrádrátt vegna rannsókna og þróunarverkefna og Tækniþróunarsjóð.

Fyrirtæki sem sérhæfa sig í hönnun eru þó ekki síður mikilvæg og telja samtökin tækifæri til að hlúa enn betur að stuðningi við þau fyrirtæki og leita nýrra leiða til að styðja við fjölþættari nýsköpun í slíkum fyrirtækjum og verkefnum.

Fagna samtökin þeirri tillögu að tryggja eigi að þjónusta löggildra hönnuða og arkitekta sé flokkuð með endurgreiðsluhæfum kostnaði í átaksverkefnum á borð við „Allir vinna.“ Er um að ræða aðgerð sem skapar jákvæða hvata innan skattkerfisins og eykur vægi og aðgengi almennings að þjónustu umræddra aðila.

III. Auka veg höfunda- og hugverkaréttar

Hugverkaréttur er afurð nýsköpunar og mikilvægur liður í verðmætasköpun og taka samtökin því heilshugar undir þá áherslu stefnunnar að nauðsynlegt sé að auka meðvitund og virðingu fyrir hugverkavörðu efni og að auka þurfi fræðslu um hugverkaréttindi hér á landi heilt yfir. Ísland er eftirbátur nágrannaríkja sinna þegar kemur að umsóknum um einkaleyfi en það skýrist meðal annars af því að vitund um mikilvægi hugverkaverndar er ekki nægilega mikil meðal fyrirtækja og frumkvöðla en einnig af því að ferlið er í flestum tilvikum flókið og kostnaðarsamt.

IV. Tryggja að faglega sé staðið að útboðum hönnunarverkefna

Nokkur brotalöm hefur verið í útboðum og opinberum innkaupum á hönnun og arkitektúr. Hafa félagsmenn samtakanna ítrekað komið skilaboðum áleiðis til innkaupaaðila um að ekki sé nægilegur fyrirsjáanleiki og fagmennska í innkaupaferlum á hönnun og arkitektúr auk þess sem kröfur um gagnaskil í hönnunarsamkeppnum mannvirkja séu fram úr hófi samanborið við þóknanir sem ákveðnar eru til þátttöku í svo umfangsmiklum samkeppnum. Gríðarlegur kostnaður er samfara því að taka þátt í útboði og hönnunarsamkeppnum svo ekki sé minnst á að kæra niðurstöðu útboðs þar sem ekki var nægilega faglega að verki staðið. Kostnaðurinn við slíkar aðstæður er í raun tjón fyrirtækisins af því að taka þátt í slíkum útboðum og ef ekki er ráðist í úrbætur, getur hann einfaldlega leitt til minni samkeppni og aukinnar fákeppni.

Samtökin fagna því þeirri aðgerð að auka vægi hönnunargreina og þverfaglega vinnubragða í opinberum útboðum og innkaupum, sbr. 2. aðgerð 4. kafla um sjálfbæra innviði. Er mikilvægt að tryggja aðkomu sérfræðinga á sviði hönnunar og arkitektúr í útboðum, til leiðbeiningar, sem og nýta sér fagþekkingu þeirra í dómnefndum hönnunarsamkeppna hönnunar og arkitektúrs. Hér skortir á ennfremur á gagnsæi í innkaupaferlum opinberra aðila á hönnun og arkitektúr og leggja samtökin til að aðgerð verði bætt við kafla 2: hagnýting hönnunar sem breytingarafls þar sem kveðið er á um að tryggt sé gagnsæi í innkaupaferlum opinberra aðila á hönnun og arkitektúr og að vinnubrögð í kringum útboð og hönnunarsamkeppni á vegum hins opinbera verði endurskoðuð.

Í þessu samhengi, sem og í samhengi við áherslu stefnudraganna á að auka veg höfunda- og hugverkaréttar, vilja samtökin benda á mikilvægi þess að auka samræmi á milli innkaupastefnu ríkisins og höfundarréttarlaga. Að mati samtakanna er misræmið á milli laganna og innkaupastefnu ríkisins slíkt að það dragi úr vægi hugverka í innkaupum ríkisins en þeirri þróun verði að snúa til betri vegar.

V. Efling rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar

Stefnudrögin kveða á um að næsta aðgerðaráætlun skuli taka til skoðunar fjármögnun og eflingu á rannsóknarvettvangi til að mæta nauðsynlegum umbreytingum í mannvirkjagerð. Það er mat samtakanna að æskilegt sé að hefja þá þegar undirbúning að efldu rannsóknarumhverfi fyrir innviði og mannvirki í stað þess að láta það bíða næstu aðgerðaráætlunar líkt og stefnudrögin leggja til.



Að mati samtakanna er engin vanþörf á að tryggja gott umhverfi til rannsókna og nýsköpunar í mannvirkjagerð og með tilkomu *Asks – mannvirkjarannsóknarsjóðs* horfir vonandi til betri tíðar. Ekki verður þó horft framhjá nauðsyn þess að veita enn frekara fjármagni til þess verkefnis í ljósi mikilvægis þess og gríðarlegs samfélagslegs gildis.

Hér ber til þess að horfa að aðeins var úthlutað 95.000.000 kr. í síðustu úthlutun hans til mannvirkjarannsókna á meðan sótt var um samtals 452.000.000 kr. til hinna ýmsu mannvirkjarannsókna sem ætlað var að auka þekkingu, umbætur og nýsköpun til að mæta samfélagslegum áskorunum á sviði mannvirkjagerðar.

VI. Menntun framsækinna kynslóða

Samtökin fagna áherslum í stefnuðrögunum hvað varðar fjölbreyttari menntunarkosti og samvinnu milli atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Þá taka samtökin undir þá áherslu að auka þurfi veg starfsnáms innan hugverkaiðnaðar almennt og tryggja þannig að nemendur hafi þá þekkingu og burði til þess að starfa í hugvitsgreinum að háskólanámi loknu. Samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins vantar hátt í 9000 sérfræðinga til starfa í hugverkaiðnaði ef vaxtaráætlanir þessara fyrirtækja eiga að ná fram að ganga. Í mörgum tilvikum er þarna um að ræða hönnuði; viðmótshönnuði, kvikara, stafræna hönnuði og svo mætti lengi telja.

Auka þarf námsframboð og kynningar meðal grunn- og framhaldsskólanema á störfum innan hugverkaiðnaðar til þess að tryggja að ungt fólk skili sér inn í tækni- og hugverkagreinar til framtíðar. Á sama tíma er staðreyndin sú að störf framtíðar eru ekki til í dag og því þarf að tryggja símenntun á vinnumarkaði, til dæmis í hönnunarhugsun eins og tiltekið er í stefnuðrögunum.

Samkvæmt stefnuðrögunum stendur einnig til að auka meðvitund um fagþekkingu hönnuða og arkitekta og að tryggt sé að menntun þeirra geti mætt nýjum áskorunum sem þeir kunna að mæta hverju sinni í samræmi við kröfur samfélagsins. Mikilvægt sé þ.a.l. að námsframboð við endur- og símenntun sé í stöðugri endurskoðun og tryggja þurfi úrval námsmöguleika svo að hönnuðir og arkitektar hafi þekkingu og burði til að mæta auknum og/eða breyttum kröfum samfélagsins. Samtökin taka undir framangreint og vilja um leið hvetja stjórnvöld til að leggja áherslu á tækniefningu hönnuða og arkitekta í gegnum námskeið í nýjum tæknilausnum. Með því móti er unnt að tryggja að starfandi hönnuðir og arkitektar eigi tækifæri á að fylgja hraðri þróun tæknilausna sem boðið er upp á og auknum kröfum væntanlegra verkkaupa í samræmi við þá þróun.

VII. Kynning á íslenskri hönnun og arkitektúr

Samtökin fagna því að stefnt sé að því að tryggja þátttöku Íslands í Feneyjartvíæringnum í arkitektúr og vilja SAMARK um leið lýsa yfir vilja og áhuga á að taka þátt í alþjóðlegu markaðsátaki fyrir íslenska hönnuði í samvinnu við stjórnvöld. Unnt er að ná góðum árangri með samstilltum aðgerðum stjórnvalda og atvinnulífsins í þá átt að upphæfja íslenska hönnun og arkitektúr erlendis og víst þykir að íslensk hönnun og arkitektúr myndi njóta góðs af slíku samvinnuverkefni öllu íslensku samfélagi til hagsbóta.




Samtökin ítreka ánægju sína með framkomin drög að stefnu í málefnum hönnunar og arkitektúrs. Um er að ræða mikilvægt skref í átt að auknu vægi íslenskrar hönnunar og arkitektúrs sem mun skila gríðarlegum ávinningi fyrir íslenskt samfélag.

Virðingarfyllst,



Halldór Eiríksson,
formaður SAMARK



Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur SI